

Stofnanasamningur

milli SFR og Hrafnistu Reykjavík/Hafnarfirði um reglur við röðun starfa

(samkvæmt 11. kafla í kjarasamningi SFR og SFH 9. september 2005)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Hrafnistu Reykjavík/Hafnarfirði.

2. Starf flokkar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starf flokkum hjá félagsmönnum SFR.

2.1 Grunnröðun

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launarammar/launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starf flokk:

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma A

Vaktmaður	A05
Baðvörður	A04
Aðstm. sjúkraþjálfara	A04
Starfsleiðbeinandi	A05
Hjúkrunaritari	A05
Félagsstarf	A05
Sundlaugavörður	A07
Símavarsla	A09

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma B

Verkstjóri starfsleiðbeinanda	B01
Snyrtir	B02
Verkstjóri í borðsal	B03
Bókavörður	B01
Bifreiðastjóri	B02
Læknaritari	B05
Yfirmaður félagsstarfs	B04
Yfirvaktmaður	B04
Hárgreiðslumaður	B04
Samskiptafulltrúi	B04
Inntaka- og kynningamál	B06
Skrifstofumaður	B04
Bakari	B02
Launafulltrúi	B06
Matartæknir	B05
Matartæknir með 2ja ára starfsreynslu	B06
Matartæknir með 5 ára starfsreynslu	B07

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma C

Ræstingarstjóri	C04
Yfirmaður þvottahúss	C04
Matreiðslumaður	C04
Fésýslufulltrúi/banki	C04
Deildarstjóri á skrifstofu	C06
Yfirmatreiðslumaður	C08

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma D

Forstöðumaður eldhús	D02
Forstöðumaður byggingadeildar	D02
Sérhæfður skrifstofumaður	D02

Afleysingarmenn í matreiðslu, bakstri og kjötiðnaði skulu raðaðir tveimur launaflokkum neðar en grunnröðun segir til um.

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1. Starfsreynsla

Starfsmaður, sem er í starfi sem raðast í launaramma A, B og C, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt er heimilt að meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti:

- starfsmaður í A, B og C ramma með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður í A og B ramma með fimm ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka

3.2. Menntun

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- starfsmaður í A og B ramma, sem hefur lokið eins til tveggja vetra námi, skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður í A, B og C ramma, sem hefur lokið þriggja vetra námi, skal hækka um 2 launaflokka.

3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

3.4. Sérhæfð öryggisnámskeið

Vaktmenn sem lokið hafa sérhæfðu öryggisnámskeiði hækka um einn launaflokk.

3.5. Annað

a) Heimilt er að hækka starfsmann um 1-4 launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

b) Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkun á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á að fá að sjá umræddar forsendur.

c) Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metnar sem viðbótarforsendur til hækkunar í launaflokka.

5. Endurskoðun og gildistími

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla í kjarasamnings SFR og SFH.

Gildistími samningsins er frá og með 1. febrúar 2005.

Reykjavík, 9. september 2005

F.h. SFR-stéttarfélag í almannajónustu

F.h. Hrafnistu Reykjavík/Hafnarfirði

Bókun

með stofnanasamningi SFR og Hrafnistu Reykjavík/Hafnarfirði
dags. 9. september 2005

1. Vaktmenn hækka um einn launaflokk frá 1. september 2004, fyrir fram röðun vegna starfsaldur eða menntunar – þeir sem ekki hafa náð A07 að lágmarki.
2. Vaktmenn hækka um einn launaflokk frá 1. janúar 2005, fyrir fram röðun vegna starfsaldurs eða menntunar – þeir sem ekki hafa náð A07 að lágmarki.
3. Aðstoðarmenn sjúkraþjálfara hækka um einn launaflokk frá 1. september 2005, fyrir fram röðun vegna starfsaldurs eða menntunar – þeir sem ekki hafa náð A07 að lágmarki.
4. Starfsleiðbeinendur hækka um einn launaflokk frá 1. janúar 2005, fyrir fram röðun vegna starfsaldurs eða menntunar – þeir sem ekki hafa náð A07 að lágmarki.